

Leiðarþing Kjalarnessprófastsdæmis 2025

Leiðarþing Kjalarnessprófastsdæmis var haldið í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, 22. október, 2025. Mættir voru 30 manns. Mættir voru fulltrúar Hafnarfjarðar-, Hvalsnes-, Útskála-, Njarðvíkur-, Garða-, Bessastaða- og Lágafellsókn. Engin mættur frá Reynivalla-, Brautarholts-, Keflavíkur-, Grindavíkur-, Kálfatjarnar- og Ástjarnarsókn. Auk þess voru mættir 14 prestar og djáknar prófastsdæmisins.

1. Fundarsetning

Prófastur, sr. Hans Guðberg, setti fund og fór með ritningarlestur og bæn og svo var sunginn sálmurinn: Opnið kirkjur allar.

2. Kynning kirkjuþingsmála

Kirkjuþingsfulltrúarnir sr. Sigurður Grétar, sr. Þuríður Björg, Einar Örn Björgvinsson, sr. Stefán Már og sr. Arna Grétarsdóttir fóru yfir málaskrá kirkjuþings sem hefst næstkomandi laugardag.

3. Umræður

Eftir kvöldverð gaf prófastur orðið laust um málaskrá kirkjuþings og tóku fjölmargir til máls.

Tvær tillögur voru bornar undir fundinn og voru samþykktar samhljóða:

„Leiðarþing Kjalarnessprófastsdæmis haldið í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, 22. október, 2025, fagnar því að vígð þjónusta í sameinuðu Esjuprestakalli skuli aukast, en í tillögunni segir að biskup Íslands muni greiða amk. 30% kostnaðarhlutdeild vegna safnaðarráðsins prest. Fundurinn hins vegar ítrekar umsögn héraðsfundar Kjalarnessprófastsdæmis um sameininguna frá 6. maí, 2025, þar sem lagt er til að þjóðkirkjan greiði launin í stað þess að segja að hún taki þátt í launakostnaði safnaðarráðsins prests. Það er í samræmi við starfs- og ráðningarkjör annarra presta þjóðkirkjunnar. Einnig er talað um 30% starf prests, en svo lítið starfshlutfall er erfitt að skilgreina og nær væri að hækka hlutfallið í 50%.“

„Leiðarþing Kjalarnessprófastsdæmis haldið í Hásölum, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 22. október, 2025, ályktar eftirfarandi vegna máls nr. 35 á 66. kirkjuþings 2024-2025.

Fundurinn undrast að ekki skuli horft til vægi atkvæða miðað við fjölda íbúa í prófastsdæminu. Kirkjuþingsfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu var síðast fjölgað árið 2006 en á sama tíma hefur íbúum í prófastsdæminu fjölgað um 17%. Að sama skapi er ekki séð hvernig það muni styrkja stöðu kirkjuþings að hafa eina kjördeild með leikmönnum og vígðum og fjöldi vígðra sé sá sami í öllum kjördæmum óháð fjölda íbúa/sóknarbarna á bak við hvern prest eða djákna. Þetta hlýtur að skapa mikið ójafnræði þar sem í mörgum prófastsdæmum úti á landi eru innan við 10 prestar/djáknar en í stærri prófastsdæmum á höfuðborgarsvæðinu eru yfir 20. Einnig undrast fundurinn að tillögum um að auka hlut ungs fólks á kirkjuþingi hafi verið hafnað.

Samkvæmt 4. gr. laga um þjóðkirkjuna segir að þjóðkirkjan skuli í starfsháttum sínum hafa í heiðri grundvallarreglu jafnræðis og lýðræðis. Fundurinn telur samkvæmt framansögðu að tillagan samkvæmt máli nr. 35 gangi gegn þessari grundvallarreglu og krefst þess að kirkjuþing finni raunhæfar leiðir til að auka hlut ungs fólks og tryggja jafnræði þegar kemur að atkvæðavægi.

Einnig hvetur fundurinn til þess að varlega verði farið í að rýmka kosningarétt við kjör til kirkjuþings. Fundurinn telur að betur þurfi að líta til þeirra áhættuþátta fyrir kirkjuna sem rýmkun kosningaréttar til Kirkjuþings gæti haft í för með sér og m.a. eru raktir í skýrslu um kosti og galla þess að rýmka ákvæði starfsreglna um kosningaréttinn. Einnig er brýnt að svo stór breyting fái ítarlega kynningu og umræðu innan kirkjunnar á héraðsfundum og hjá söfnuðum áður ákvörðun er tekin.“

4. Fundarlok

Prófastur með bæn og svo var sungin sálmurinn: Megi gæfan þig geyma.

Fleira ekki gert of undi slitið kl. 20:49.

Fundarritari: Stefán Már Gunnlaugsson